

NORÐURBRAUT 15 HVAMMSTANGA MHL. 01 og 02

Landeignanúmer; L228459

TEIKNISKRÁ				
Númer	Verk nr.	Teikn. nr.	Verkhlutl	
Aðaluppdrættir				
1	(A1)	673	101	Afstöðumynd / byggingarlýsing
2	(A1)	673	102	Grunnmynd 1 hæð
3	(A2)	673	103	Grunnmynd 1 hæð - snið
4	(A2)	673	104	Útlit
5	(A2)	673	105	Grunnmynd-útlit-snið-mhl 02
6	(A2)	673	106	Skráningartöflur

Byggingarlýsing:

A. Almenn atriði

Norðurbraut 15, Hvammstanga.

Landeignanúmer: L228459

Lóðin við Norðurbraut 15 er fjölbýlishúsalóð.

Stærð lóðar er 2357,0m².

B. Notkun og starfsemi

Húsið er tveggja hæða fjölbýlishús með 10 íbúðum, 5 á hvorri hæð í notkunarflokki 3. 4 íbúðir eru 58,0m², aðrar fjórar 81,1m² og tvær 95,0m² og eru þær tveggja, þriggja og fjögurra herbergja eftir stærðum. Íbúðir eru með staðföng Norðurbraut 15A upp í Norðurbraut 15J.

Það er gert úr aðfluttum tímberuninikum á staðsteyptum sökklum og plötu. Við norðurhlíð lóðar er köld útigeymsla, mhl 02 fyrir hjóla og vagnageymslu, einnig gert úr aðfluttum einingum.

C. Stærðir

Botnflótur 75,5m³

1 hæð 377,7m² 1095,3m³

2 hæð 373,0m² 1464,9m³

Útigeymsla 19,2m² 64,4m³

Samtals 769,9m² 2700,1m³

D. Lóð og bílastæði

Stærð lóðar er 1818,8m², 10 bílastæði eru á suð-vestur hluta lóðar, þar af 2 fyrir hreyfihamlaða með möguleika á rafhleðslustöð skv gr. 6.7.1. í byggingarreglugerð og önnur 10 á suðurhluta lóðar eða samtals 20 bílastæði skv afstöðumynd. Lóðarnýting er samtals mhl 01 og 02 = 0,33.

E. Burðarvirki

Byggingin er grunduð á fyllingu. Sökkjar eru staðsteyptir í einangrunarkubba, 150mm steypa með járnbindingu og 2x67 einangrun.

Botnplata staðsteypt, 150 mm járnþent með 100mm plasteinangrun undir, rúmþyngd 24kg/m³. Milliplata er úr 45x245mm gólfbitum C24.

Útveggir eru úr 2x45x120mm timburstöðum á fyrstu hæð og 45x120 á annarri hæð. Þak er mænispak 45x220mm c/c 600 þaksperrum.

Útigeymsla:

Byggingin er grunduð á fyllingu. Sökkjar eru staðsteyptir í einangrunarkubba, 150mm steypa með járnbindingu og 2x67 einangrun.

Botnplata staðsteypt, 150 mm járnþent með 100mm plasteinangrun undir, rúmþyngd 24kg/m³.

Útveggir eru byggðir úr 45x120mm timburstöðum. Þak er mænispak, þaksperrur 45x145mm c/c 600.

F Frágangur ytri klæðningar

Útveggir eru einangraðir á milli stoða og lausholta með 100mm steinull. Að utan eru veggir klæddir grárrí og dókk rauðrí vatnsvarinni Stacbond áklæðningu sem og vatnsheldri thermowood timburklæðningu á loftunargrind. Undir útveggjaklæðningu eru veggir klæddir með 12mm OSB-klæðningu sem er jafnframt vindstífing með öndunardúk og 50mm einangrun að innan. Að innan verðu ein veggir klæddir með 12,5mm Fermacell á rafmagnsgrind og 0,2mm rakavarnarlagi. Einangrun samtals 150mm steinull.

Þak:

Þak er heilklaett með 18mm OSB-klæðningu á sperru. Á OSB-klæðningu kemur öndunardúkur t.d. Siga Majcoat (190) síðan lektur með millileggi og þéttilista (neglingartape). Á milli sperra og millileggs á lektur neglist svo bárujárn. Bárujárn skal fest með ryðfrium sjálfskerandi skrufum með þéttiskinnu í hábaru.

Þak skal einangra með 220mm harðpressuð þakull milli sperra. Loftun ofan öndunardúks skal vera amk 25mm og þrjú Ö40mm rör í hvert sperrubíl með snjógildru.

Að innan er 0,2mm rakavarnarlag, rafmagnsgrind og klaett með loftagipsklæðningu.

Gluggar, hurðir og gler:

Gluggar og hurðir eru hvít að lit, byggðir úr PVC prófílum frá Veka. Öll opnanleg fög eru topphengd með þjófavörn. Björgunarpur eru í gluggum í svefnherbergjum og stærð þeirra að lágmarki skv grein 9.5.5 í byggingarreglugerð. Allt gler skal vera K-gler með 12mm gasfylltu loftbili. Verksmiðjuframleiddir gluggar skulu vera CE vottaðir. Glerjaðir gluggar skulu slagregnsprófaðir samkvæmt ÍST EN 1027.

Gluggi skal standast prófunarálag sem er að lágmarki 1100 Pa. Útihurðir skulu vera einangraðar og uppfylla kröfur um einangrunargildi. Innihurðir eru spónlagðar eikarspón.

Innanmál útihurða er amk 1000mm og annarra dyra amk 900mm og skulu að lágmarki vera að hæð 2100mm.

G Handrið

Hæð stígaðandiðs á útitróppum er 900mm tróppubrún og nær 300mm fram yfir neðsta þrep og 300mm fyrir efsta þrep. Á efsta stígapalli er hæð handriða 1100mm frá göngupallsgólfi. Stæalhandrið á svölum eru 1200mm svalargólfi á annarri hæð.

H Milliveggir

Allir milliveggir eru byggðir upp með trégrind klæddir með 12,5mm Fermacell og einangraðir með steinull sömu þykkt og viðkomandi veggur. Veggir á milli íbúða eru REI90 með hljóðvörn 55db. Þeir eru byggðir upp með timburgrind 145x45 c/c 600mm ásamt límré undir límrésbitum og einangraðir á milli stoða með þéttull. Beggja megin eru veggirnir klæddir með 2x12,5mm Fermacell harðgipsplötum og ná upp í efstu brún þaks.

I Lagnaleiðir, upphitun og loftræsting.

Húsið verður hitað upp með gólfhita spirál. Gólfhitalagnir eru lagðar í steypa plötu fyrstu hæðar og í flögn á efri hæð. Stofnar eru teknir í hvert rými frá inntaksstað. Neysluvatns lagnir verða undir gólfplötu rör í rör og koma upp í vegg þar sem við á. Niðurföll eru í þvottahúsi og inn á salernum.

Allar lagnir eru vafðar og einangraðar. Farið skal efti stöðlum og fyrimælum HEF veitum varðandi skólp, hitaveitu og neysluvatn. varðandi inntök ofl er við á og Rariks sem viðkemur rafmagni.

Gera skal ráðstafanir til að heilt vatn valdi ekki brunaskaða á húð, t.d. með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptir eða uppblöndun sem tryggir að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°. Frárennslifer í frárennsliskerfi sveitarfélagsins. Regnvatn af þöku er leitt í frárennslis sveitarfélagsins fyrir ofanfallsvatn.

Loftræsting

Húsið er loftræst á náttúrulegan hátt eða með opnun glugga og hurða. Votrymi, eldhús og lokuð rými skulu loftræst með vélrænu útsogi. Tryggja skal eðlileg og nauðsynleg loftskipti í votrymum.

J Brunavarnir

Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, gr. 9.2.2. liður b í byggingarreglugerð.

Byggingin er í notkunar flokki 3. Hver íbúð er sér brunahólf. Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501. Innanhúsklæðningar verða almenn í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof.) (t2). Utan hússklæðningar eru í flokki 1.

Björgunarpur skulu haldast opin við rýmingu og þau skal vera hægt að opna án lykils eða annara verkfæra. Á björgunarpurum skal vera búnaður sem hindrar að litil börn geti opnað þau meira en 89mm. Breidd björgunarpurs skal vera minnst 0,60m og á hæð og skal samanlögð breidd og hæð ekki vera minni en 1,50m. Björgunarpur skulu vera á hverju svefnherbergi. Hámarksálag til að opna flóttahurðir skal vera 25N. 2 óháðar flóttaleiðir eru út um dyr á autur og vestur hlíðum húss á neðri hæð. Á þeirri efri eru sömu flóttaleiðir en út á svalir á vesturhlíð.

Hvergi er lengra en 25m í næsta útgang.

Handslökkvitæki skal vera í íbúð og er staðsett í anddyri. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3, t.d. 6 L léttvatns tæki.

Lágmarkskröfur fyrir reykskynjarar í íbúðarhúsnæði er 1 skynjari fyrir hverja 80m². Hönnun gerir ráð fyrir fjölda samkvæmt grunnmynd.

Aðkoma slökkvilið að húsinu er góð frá Selbrún. Útreiknuð slökkvivatnsþörf skv leiðbeiningum HMS er 1000l/mín miðað við tvær brennandi íbúðir. Brunahani þarf að vera til staðar í nágrenni við húsip sem afkastar umræddu slökkvivatni.

K Hljóðvist

Byggingar og önnur mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að heilsu og innra umhverfi sé ekki spillt af völdum hávaða og óþægindum af hans völdum sé haldið í lágmarki. Hávaði sem fólk í mannvirkinu skynjar skal veraða viðunandi og ekki hærrí en svo að það geti sofið, hvílast og starfað við eðlileg skilyrði. Veggir á milli íbúða eru 55-60db. Bygging þessi skal uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45.

L Öryggi

Þar sem gert er ráð fyrir umferð almennings skal séð til þess að birta og lýsing í umferðarleiðum uppfylli kröfur og tekið tillit til algildrar hönnunar. Eins er séð til þess að ekki skapist fallhætta vegna yfirborðs gólfplata með því að hafa gólfefni slétt og laus við misfellur. Öryggi vegna hæðarmunar er tryggt með því að setja handrið þar sem eru stigar eru og verða handrið af viðurkenndri gerð sem uppfylla ákvæði í kafla 6 í byggingarreglugerð.

Á gólfum þar sem hætta er á hálfu, t.d. vegna bleytu, verður valið gólfefni með hálfuviðnámi sem hentar aðstæðum. Í húsi skal vera læstur lyfjaskápur og lokuð hyrsla fyrir eiturefni.

Gler í bygginguna verður hannað í samræmi við kafla 8.5 í byggingarreglugerð. Tvöfalt samlímt öryggisgler er í öllum gluggum og hurðum sem eru allt að 600mm frá gólfi sem og glerjum í handriðum.

Gert ráð fyrir merkingum á þeim í samræmi við kröfur í grein 12.4.2.

M Aðgengi og algild hönnun

Miðað er við algilda hönnun þar sem því er komið við á jarðhæð. Stærðir íbúða uppfylla þá kröfu skv. reglugerð.

Þröskuldur við útihurð og aðra útganga uppfylla hæðatakmiðkun vegna aðgengis. Greið leið er frá bílastæði.

Byggingin er sveigjanleg til að uppfylla kröfur um algilda hönnun. Til að mynda færsla á léttum veggjum og smávægilegum breytingum á innréttingum. Í baðherbergi og eldhúsi er hægt að koma fyrir snúningshring hjólastóls eins og teikning sýnir. Sturta er þreplaus og salerni er staðsett þannig að hægt sé að taka niður sturtugler og hafa hengi og þá er pláss fyrir 900mm frítt rými við hlið salernis.

Snúningshringur er við sturturými.

Hurð á baðherbergi geta opnast út eins og punktalína sýnir á teikningum. Styrking er í veggjum á baðherbergjum þar sem hægt er að koma fyrir armi í sturtu og örmum við salerni. Á göngum er rými fyrir snúningshring.

Hurða breiddir við útipall og aðkomu hurð uppfylla kröfu gr.6.4.2 auk innihurða.

Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar er a.m.k. 0,80 m x 2,00.

Innihurðir í húsinu eru allar 2100mm á hæð


Hurðir eru þröskuldslaugar nema við útihurðir þar er þröskuldur ekki hærrí en aðgengiskröfur segja til um.

N Sorp

Sorpgeymslur eru lokaðar götumegin staðsettar við norð-austur horn lóðar, Ekki er til almenn regla en miðað er við 20 tunnur eða tvær tunnur fyrir hverja íbúð eða ein fyrir heimilissorp og ein fyrir pappir.

O Byggingarreitur

Íbúðarhús og útigeymsla eru innan byggingarreits skv nügildandi deliskipulagi.



AFSTÖÐUMYND 1:500

SKÝRINGAR
HSL = Handslökkvitæki
BO = Björgunarpur
RS = Reykskynjari
GN = Gólfniðurfall
PN = Þakniðurfall
LR = Loftræsting
GK = Gólfkóti
HR = Möguleg hleðslu- stöð rafbíla
RT = Rafmagnstafla

Varmatapsútreikningur Hrauntún 15.

Útveggir (Léttir timburveggir) 0,27 W/m²K

Gluggar 1) 1,93 W/m²K

Hurðir 1,52 W/m²K

U gildi gluggaglerja:

fast gler 1,60 W/m²K

opnanlegt fag 1,60 W/m²K

Létt þak 0,19 W/m²K

Gólf á fyllingu (m.gólfhita) 0,25 W/m²K

U-gildi útveggja meðaltal 0,62 W/m²K

Heildar varmatap á fermetra gólfis 0,69 W/m²K

(sjá varmatapsútreikninga á fylgblaði)

Breyting: Dag: Lýsing:

ARKITEKTASTOFAN AUSTURVÖLLUR

FLDASEL 66, 109 REYKJAVÍK Sími:698-6930 Kristjanarc@gmail.com

arkust@mmedia.is

KRISTJÁN BJARNASON

BYGG.FR. BFÍ s: 698-6930

KI: 120369-6479

VERKEFNI: HRAUNTÚN 15, HVAMMSTANGA

MHL 01 OG 02

TEIKNING: AFSTÖÐUMYND - BYGGINGARLÝSING

MÆLIKVI: 1:500 A1

VERK NR: 673

TEIKN NR: 101

Undirritunarsíða

Samþykkt 17.07.2025
Bogi Magnúsen Kristinsson